



28. október 2003

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um tryggingjald, nr. 113/1990 (89. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 15. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

Ákvæði 2. gr. tryggingagjaldslaganna, sem nú er stefnt að því að fella brott, hafa frá því frá lögfestingu þeirra átt þátt í auknum langtímasparnaði almennings. Ljóst er á viðtækri þátttöku almennings í slíkum sparnaði að tilætlaður árangur hefur náðst. Þar eiga fjármálafyrirtæki sem leyfi hafa til móttöku viðbótarlífeyrissparnaðar einnig stóran hlut að máli þar sem þau hafa lagst á árar með stjórnvöldum, með öflugri markaðssetningu á þessu sparnaðarformi síðustu misseri. Ljóst er að aukin lífeyriseign mun ýta undir stöðugleika í efnahagsumverfi, til lengri tíma litið.

Í ljósi framangreinds eru það vonbrigði að ríkisstjórnin hyggist nú fella brott þann hvata sem lækkun tryggingagjaldsins felur í sér. Sérstaklega má leggja áherslu á að nú, þegar mikil uppsveifla er að hefjast í atvinnulífi þjóðarinnar, sé óskynsamlegt að fella brott þann hvata sem sparnaðurinn felur í sér. Horfa ber til þess að neysluþrýstingur á væntanlega eftir að aukast mikið á næstu misserum og því brýnna en ella að sporna við.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri